

SVERRIR THORSTENSEN

FUGLALÍF VIÐ HUNDATJÖRN Í NAUSTAFLÓA VORIÐ 2016

**KÖNNUN GERÐ AÐ BEIÐNI
UMHVERFISNEFNDARAR AKUREYRAR**



Ytri hluti Naustaflóa.

Ljósmynd Sverrir Thorstensen 28.05.2016.


AKUREYRI ÁGÚST 2016

EFNISYFIRLIT:

1	INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS	2
2	TALNINGARAÐFERÐIR	3
3	VARPFUGLAR	3
4	AÐRIR FUGLAR	5
5	SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI TALNINGAR	6
6	LOKAORÐ	6
7	ÞAKKIR	6
8	HEIMILDIR	7

1 INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS

Að beiðni umhverfisnefndar Akureyrar var gerð úttekt á fuglalífi í Naustaflóa vorið 2016 og er það sjötta talningin frá árinu 2008. Svæðið er um 0,01 km² eða 1 ha (1. mynd). Um fjórðungur svæðisins er undir vatni eða blaut mýri. Syðst er frekar þurrt og þar hefur trjágróður aukist verulega á síðustu árum. Markmiðið með talningunum er að fylgjast með framvindu fuglalífs á svæðinu eftir að Hundatjörn og votlendið var endurheimt þegar skurður norður úr svæðinu var stíflaðir sumarið 2007 og stíflugarður var byggður sumarið 2009.



1. mynd. Naustaflói. Rauð lína afmarkar talningarsvæðið. Stíflugarður sýndur með svörtu. Land undir vatni er skástrikað. Varpsvæði hettumáfa eru tvístrikuð.

2 TALNINGARAÐFERÐIR

Talningar fóru fram 21. og 29. maí 2016. Sama aðferð var notuð og í fyrri talningum (Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008). Hettumáfar voru taldir af klöppinni austan flóans 21. maí og var gerður greinarmunur á fuglum á hreiðrum og lausum fuglum. Fullvíst má telja að öll hreiðrin hafi sést vel þar sem gróður var ekki orðinn hávaxinn og fuglarnir fældust ekki upp meðan á talningunni stóð.

Aðrir fuglar voru taldir 29. maí. Byrjað var á því að skrá alla fugla sem sáust úr skýlinu og þeir merktir inn á kort. Síðan var svæðið gengið skipulega þar sem bil á milli talningarmanna var um fimm metrar. Óðalsbundnir fuglar voru merktir inn á kort og einnig hreiður sem fundust. Þessar upplýsingar voru síðan bornar saman við talninguna úr fuglaskoðunarskýlinu. Fjöldi anda miðast við mesta fjölda steggja í einni talningu.

Einnig var leitað að hreiðrum spörfugla í skógarreitunum umhverfis flóann 21. maí (sjá bls 5). Aðstæður til talningar voru góðar báða dagana, hálfskýjað og stillt veður.

3 VARPFUGLAR

Alls fundust 12 tegundir varpfugla á svæðinu og er það fjölgun um eina tegund (skúfönd) frá síðustu talningu vorið 2014. Fjöldi varppara var 127 og er það fjölgun um fjögur pör frá 2014 (sjá 1. töflu). Hreiður og óðul annarra fugla en hettumáfa eru sýnd á 2. mynd.

Rauðhöfðaönd *Anas penelope*

Þrír steggir sáust 21. maí og eitt hreiður með átta eggjum fannst 29. maí. Fjöldi varppara var 3.

Urtönd *Anas crecca*

Ein kolla og eitt par að auki sáust 29. maí. Fjöldi varppara var 2.

Stökkönd *Anas platyrhynchos*

Fjórir steggir og tvær kollur sáust 29. maí og eitt hreiður með níu eggjum fannst. Fjöldi varppara var 4.

Skúfönd *Aythya fuligula*

Eitt par sást 21. maí og hreiður með níu eggjum fannst 29. maí. Fjöldi varppara var 1.

Rjúpa *Lagopus muta*

Einn karri sást 21. maí. Eitt par og tveir karrar sáust 29. maí. Fjöldi varppara var 3.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*

Sjö hrossagaukshreiður fundust og auk þess sáu stóðalsbundnir fuglar á tveimur stöðum. Í sex af hreiðrunum voru fjögur egg en þrjú í einu. Fjöldi varppara var 9.

Jaðrakan *Limosa limosa*

Fjögur stóðalsbundin pör sáu stóð bæði 21. og 29. maí. Fjöldi varppara var 4.

Spói *Numenius phaeopus*

Eitt spóapar sást á sama stað bæði 21. og 29. maí. Fjöldi varppara var 1.

Stelkur *Tringa totanus*

Tveir stelkar sáu saman 21. maí og einn 29. maí. Fjöldi varppara var 1.

Óðinshani *Phalaropus lobatus*

Þrjú pör sáu stóð 29. maí. Fjöldi varppara var 3.

Hettumáfur *Chroicocephalus ridibundus*

Hettumáfar voru taldir ofan af klöppinni austan flóans 21. maí. Hettumáfarnir verpa á tveimur vel aðskildum stöðum í flóanum (1. mynd). Á syðra svæðinu voru alls 26 fuglar, þar af 21 á hreiðri. Á ytra svæðinu voru 87 fuglar og þar af 72 á hreiðrum. Fjöldi varppara var 93.

Þúfuttlingur *Anthus pratensis*

Syngjandi karlfuglar sáu stóð á þremur stöðum. Fjöldi varppara var 3.

5 SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI TALNINGAR

Talning nú gefur nánast sömu niðurstöðu og vorið 2014 (1. tafla). Öndum hefur fjölgað úr sjö pörum í tíu, vaðfuglum úr 17 pörum í 18 og rjúpum úr tveimur pörum í þrjú. Fjöldi þúfutittlinga hefur haldist óbreyttur síðan 2012. Hettumáfum fækkaði um eitt par, úr 94 pörum í 93. Skúfönd fannst verpandi í fyrsta sinn á talningarsvæðinu.

1. tafla. Varpfuglar við Hundatjörn í Naustaflóa 2008, 2009, 2010, 2012, 2014 og 2016.

TEGUND	2008	2009	2010	2012	2014	2016
Grágæs	1	0	0	0	0	0
Rauðhöfðaönd	3	0	0	2	2	3
Urtönd	2	2	1	2	3	2
Stökkönd	4	3	3	5	2	4
Skúfönd	0	0	0	0	0	1
Rjúpa	2	1	0	2	2	3
Heiðlóa	0	1	0	0	0	0
Hrossagaukur	~4	7	6	5	7	9
Jaðrakan	1-2	3	4	5	4	4
Spói	0	1	1	2	1	1
Stelkur	2	4	2	1	2	1
Óðinshani	0	1	1	4	3	3
Hettumáfur	30	21	48	128	94	93
Þúfutittlingur	2	0	1	3	3	3
ALLS:	~50	44	67	159	123	127

6 LOKAORÐ

Tvær síðustu talningar sýna litlar sem engar breytingar á fjölda varpfugla við Hundatjörn í Naustaflóa. Svæðið virðist vera búið að taka á sig endanlega mynd hvað vatnsstöðu varðar, en ljóst er að trjágróður á enn eftir að aukast bæði syðst og vestast á svæðinu. Tíminn verður að leiða í ljós hvaða afleiðingar það gæti haft á fuglalíf. Gera má ráð fyrir að sumum vaðfuglum, t.d. jaðrakan og stelk gæti fækkað, en skógarprestir gætu bæst við sem varpfuglar á svæðinu.

7 ÞAKKIR

Jón Magnússon, Katrín Hermannsdóttir, Liz Mackley og Richard Hesketh tóku þátt í talningunni 29. maí og er hér með þakkað fyrir framlag þeirra.

8 HEIMILDIR

Sverrir Thorstensen. Dagbókarfærslur maí 2016.

Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2008. Umhverfisnefnd Akureyrar. 6 bls.

Sverrir Thorstensen og Snævarr Örn Georgsson 2009. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2009. Umhverfisnefnd Akureyrar. 7 bls.

Sverrir Thorstensen, Þórey Ketilsdóttir og Þorlákur Snær Helgason 2010. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2010. Umhverfisnefnd Akureyrar. 6 bls.

Sverrir Thorstensen, Þórey Ketilsdóttir, Kristján Óli Sverrisson og María Ketilsdóttir 2012. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2012. Umhverfisnefnd Akureyrar. 8 bls.

Sverrir Thorstensen, Lára Guðmundsdóttir, Þórey Ketilsdóttir, María Ketilsdóttir og Snævarr Örn Georgsson 2014. Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2014. Umhverfisnefnd Akureyrar. 8 bls.